



16.07.2025

Góðan dag

B/t Skipulags- og umhverfisnefndar, sveitarstjórnar (í framhaldinu) og HNE

Ég undirritaður Þorsteinn Ægir Egilsson kt. 080684-2319 og eigandi að Fjarðarvegi 1 og Egill Einarsson kt. 291060-4129 og íbúi í Fjarðarvegi 1 leggja fram eftirfarandi kvörtun.

Kvörtun þessi snýr að mengun sem hefur orðið til í og við Fjarðarveg 1, sem og víðar á Þórshöfn, vegna framkvæmda og uppbyggingar á hafnarsvæðinu á Þórshöfn og í framhaldinu starfsemi hjá Ísfélaginu hf. vegna stækkunar á frystiklefa.

- Kvörtun 1: Snýr að moldar- og sandfoki frá fargi frá hafnarsvæðinu sem komið var upp í fyrra. Enn í dag er þessi mengun til staðar þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir okkar (tölvupóstsamskipti) um að þetta væri mjög bagalegt og þyrfti að leysa sem fyrst. Fjarðarvegur 1 sem er næsta íbúðarbyggð við hafnarsvæðið er einungis 100m frá. Þrátt fyrir álit HNE um að koma þyrfti í veg fyrir mengunina með ákveðnum aðgerðum (hefur aldrei verið gert) og loforð sveitarstjóra og forstöðumanni þjónustumiðstöðvar um að fargið yrði fjarlægð í apríl sl. þá hefur það ekki tekist og mengun enn til staðar. Óskum eftir því að sveitarstjóri láti öll gögn og samskipti s.s. tölvupósta og álit HNE vegna málsins fylgja með til nefndarinnar og sveitarstjórnar við umfjöllum á málinu.
- Kvörtun 2: Snýr að hávaðamengun frá nýjum frystiklefa. Frá því að Ísfélagið setti í gang frystipressurnar hefur orðið til ný mengun. Um er að ræða gríðarlega mikinn hávaða og hvini sem berst frá frystiklefanum. Eitt af því sem bent var á og gerðar voru athugasemdir við í aðdraganda framkvæmdaleyfis sem sveitarfélagið gaf Ísfélaginu var einmitt möguleg hávaðamengun (sjá bréf í viðhengi). Sveitarfélagið þ.e. skipulagsnefnd, sveitarstjórn og sveitarstjóri gerðu ekkert með þessar athugasemdir okkar og hundsúðu algerlega áhyggjur íbúa.

Krafan okkar er sú að komið verði í veg fyrir frekari mengum og það gert með raunverulegum aðgerðum en ekki einungis með innantómum orðum og að hunsa íbúa sem eiga verulega hagsmuni að gæta.

Óskum eftir staðfestingu sveitarfélagsins á póstinum sem og staðfestingu á því að sveitarstjóri láti framangreind gögn fylgja með til nefndar og sveitarstjórnar. Ef eitthvað er óljóst eða frekari skýringa er þörf vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Þorsteinn Egilsson

847-6992

cc. á formann skipulagsnefndar, forstöðumann þjónustumiðstöðvar, Egils Einarssonar og HNE.



Tölvupóstur 21.07.2025

Góðan dag.

Ég Einar Valur Einarsson kt. 260471-3419 íbúi í Langanesbyggð og húseigandi að Langanesvegi 7 legg fram eftirfarandi kvörtun til Langanesbyggðar og HNE.

B/t Skipulags- og umhverfisnefndar, sveitarstjórnar og HNE

Kvörtun mín snýr að nýjum frystiklefa Ísfélagsins hf. og nýrri mengun sem hefur orðið til í og við íbúðarhúsnæðið mitt og víðar á Þórshöfn. Aðdraganda þessarar mengunar má rekja til þess að sveitarfélagið veitti Ísfélaginu framkvæmdaleyfi á þessari gríðarlegu stóru byggingu í fyrra svo nálægt íbúðarbyggð. Langanesvegur 7 er í ca. 220 metra fjarlægð frá klefanum og eftir að Ísfélagið ræsti frysti pressurnar hefur hávaði frá þeim verið slíkur að ég get ekki sætt mig við það að þetta sé komið til að vera svona í framtíðinni. Að þeim sökum og vegna hagsmuna minna legg ég fram þessa kvörtun.

Krafa undirritaðs er sú að komið verði í veg fyrir frekari mengum sem allra fyrst og það gert með raunverulegum aðgerðum með hagsmuni minna og annara íbúa þorpsins í huga.

Í viðhengi eru tvö myndbönd tekin norðan og austan við frystiklefann og mynd af decibel mæli sunnan við Lauganesveg 7 (heimilið mitt).

Óska eftir staðfestingu á póstinum og að hann fari í eðlilegt ferli innan sveitarfélagsins með þeim gögnum sem fylgja.

cc. á formann skipulags- og umhverfisnefndar, forstöðumann þjónustumiðstöðvar og HNE

Með von um skjót viðbrögð

Einar Valur Einarsson

Langanesvegur 7

846-1681